

Bakkahvammur hses
Ársreikningur 2019

Bakkahvammur hses
Miðbraut 11
370 Búðardal

kt. 591219-1700

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar	3
Áritun endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9

Skýrsla og áritun stjórnar

Bakkahvammur hses var stofnað á árinu 2019 af sveitarfélaginu Dalabyggð. Bakkahvammur er húsnæðissjálfséignarstofnun sem byggir eða kaupir eignir og hefur umsjón með rekstri og viðhaldi almennra leiguíbúða. Stofnunin veitir þjónustu í almannabágu samkvæmt lögum um almennar íbúðir nr. 52/2016.

Óverulegur rekstur var hjá stofnuninni á árinu 2019 en bókfært tap samkvæmt rekstrarreikningi nam 0,1 millj. kr. Eigið fé stofnunarinnar nam 11,9 millj. kr. í árslok, en þarf af nam stofnfé 1,0 millj. kr.

Vísað er til ársreikningsins um jöfnun taps og aðrar breytingar á eigin fé.

Það er álit stjórnar Bakkahvamms hses. að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu stofnunarinnar í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu. Stjórn Bakkahvamms hses. staðfestir hér með ársreikning stofnunarinnar fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Búðardalur, september 2020

Stjórn:

Eyjóllur Ingvi Bjarnason
Steinir Arngrímsson
Pinnidur Sigurðard
Raquelidur Pabst.
Einar Jón Guðnason

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Bakkavamms hses

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Bakkavamms hses („félagið“) fyrir árið 2019. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2019 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2019, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur, International Ethics Standards Board for Accountants Code of Ethics for Professional Accountants (IESBA Code) og siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur og IESBA Code. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar á ársreikningnum

Stjórn er ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem hún telur nauðsynlegt til að gera henni kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema hún ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins, frh.:

- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Borgarnes, september 2020

KPMG ehf.

Rekstrarreikningur árið 2019

	Skýr.	2019
Rekstrargjöld		
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	4	<u>131.000</u>
		<u>131.000</u>
Rekstrarniðurstaða ársins	3	<u>(131.000)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2019

Eignir		Skýr.	2019
Fasteignir			3.167.200
	Fastafjármunir samtals	2	<u>3.167.200</u>
Fyrirframgreitt vegna íbúðakaupa		5	19.000.000
Aðrar skammtímakröfur			869.000
	Veltufjármunir samtals		<u>19.869.000</u>
	Eignir samtals		<u><u>23.036.200</u></u>
Eigið fé			
Stofnfé			1.000.000
Stofnfjárframlag Dalabyggðar			11.000.000
Ójafnað eigið fé			(131.000)
	Eigið fé samtals	3	<u>11.869.000</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir			11.167.200
	Skammtímaskuldir samtals		<u>11.167.200</u>
	Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>23.036.200</u></u>

Sjóðstreymisýfirlit árið 2019

	Skýr.	2019
Rekstrarhreyfingar		
Rekstrarniðurstaða ársins	3	(131.000)
Veltufé til rekstrar		<u>(131.000)</u>
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda:		
Skammtímakröfur, (hækkun)		(869.000)
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda		<u>(869.000)</u>
Handbært fé til rekstrar		<u>(1.000.000)</u>
Fjárfestingarhreyfingar		
Fjárfesting í leiguíbúðum	2	(3.167.200)
Fyrirframgreitt vegna kaupa á leiguíbúðum		(19.000.000)
Fjárfestingarhreyfingar		<u>(22.167.200)</u>
Fjármögnunarhreyfingar		
Innborgað stofnfé	3	1.000.000
Innborgað stofnfjárframlag	3	11.000.000
Skammtímalán frá Dalabyggð		11.167.200
Fjármögnunarhreyfingar		<u>23.167.200</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		0
Handbært fé í ársbyrjun		<u>0</u>
Handbært fé í árslok		<u><u>0</u></u>

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum.

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Fasteignir 33 ár

2. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

	Fasteignir
Keypt á árinu	3.167.200
Heildarverð 31.12.2019	<u>3.167.200</u>
Bókfært verð 31.12.2019	<u>3.167.200</u>
Afskriftahlutföll	0%

3. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Stofnfé	Stofn- fjárframlag Dalabyggðar	Ójafnað eigið fé	Samtals
Innborgað stofnfé	1.000.000	0	0	1.000.000
Innborgað stofnfjárframlag	0	11.000.000	0	11.000.000
Rekstrarniðustaða ársins	0	0	(131.000)	(131.000)
Staða 31.12.2019	<u>1.000.000</u>	<u>11.000.000</u>	<u>(131.000)</u>	<u>11.869.000</u>

Innborguð stofnframlög ríkis og sveitarfélags vegna kaupa íbúða eru færð meðal eigin fjár til samræmis við 15. gr. laga um almennar íbúðir nr. 52/2016. Stofnframlög ríkissjóðs til stofnunarinnar eru greidd í upphafi árs 2020 samtals 19,9 millj. kr.

4. Skrifstofu og stjórnunarkostnaður

	2019
Stofnkostnaður	131.000
	<u>131.000</u>

5. Önnur mál

Stofnunin hefur gert samning að fjárhæð 88,5 millj. kr. um kaup á þriggja íbúða raðhúsi í Búðardal. Fasteignin er í byggingu í árslok 2019 og verður eignfærð við afhendingu á árinu 2020. Greiðslur til seljanda á árinu 2019 vegna samningsins eru færðar sem fyrirframgreiðslur á efnahagsreikningi. Áfallinn kostnaður við undirbúning lóðar er eignfærður meðal fastafjármuna.